



29.október 2019

Til sveitastjórna á starfssvæði Búnaðarsambands Austurlands
Frá stjórn Búnaðarsambands Austurlands (BSA)

BSA gaf út ritröðina Sveitir og jarðir í Múlaþingi á árunum 1974-1978. Í þeirri útgáfu var öllum lögbýlum sem í ábúð voru á starfssvæðinu gerð nákvæm skil. Unnin var nákvæm lýsing á jörðinni og framkvæmdum sem og ábúendum nokkuð aftur í tíman gerð góð skil. Einnig var gott yfirlit yfir allar eyðijarðir á svæðinu.

Árið 1995 var gefin út ný útgáfa af Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Sú útgáfa var einkum til að uppfæra þær breytingar sem orðið höfðu bæði á einstökum jörðum sem og á ábúendatali.

Báðar framangreindar útgáfur eru löngu uppseldar en þó er ennþá spurt talsvert eftir þeim.

Ákveðið hefur verið að kanna hvort grundvöllur sé fyrir að gefa út 3ju útgáfuna. Þá væri um að ræða sambærilega málsmeðferð og var í útgáfunni frá 1995, þ.e. allar helstu upplýsingar um hvert lögbýli yrði færðar til nútímans.

Ljóst er að útgáfa eins og þessi mun kosta talsverða fjármuni. Þá fjármuni á BSA ekki og leitar því eftir viðbrögðum sveitarfélaga á starfssvæðinu um stuðning til að standa undir útgáfunni. Rökin fyrir því að leita til sveitarfélaga eru einkum þau að um er að ræða heildstæða söfnun upplýsinga sem til framtíðar munu nýtast til að skrá þennan þátt atvinnu- og byggðasögu sveitarfélaga á starfssvæði BSA.

Á þessari stundu liggja ekki fyrir áætlanir um kostnað við verkefnið enda margir áhrifaþættir sem taka verður tillit til áður en gerlegt verður að vinna áreiðanlega kostnaðaráætlun. Þó er nokkuð ljóst að heildarkostnaður verður án vafa öfugu megin við 20 milljónir.

Stjórn BSA óskar hér með eftir viðbrögðum sveitarstjórna við þeirri hugmynd að sveitarfélögin leggi fjármuni til verksins t.d. í samræmi við fjölda lögbýla í hverju sveitarfélagi.

Líklegt er að um sé að ræða um 500 lögbýli sem afla yrði upplýsinga um þannig að framlag uppá 10-15 þúsund/ lögbýli mundi auðvelda mjög að koma hugmynd þessari í verk.

Það er von stjórnar að sveitarfélög á starfssvæðinu sjá mikilvægi þess að framangreint verk verði unnið og leggi málefnið lið.

Svar óskast sent til undirritaðs.

f.h. stjórnar BSA
Jóhann Gísli Jóhannsson
Breiðavaði 701
Egilsstaðir